



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Reglur um stofnstyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. ágúst 2019 voru lagðar fram reglur um stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. ágúst 2019 og eyðublaði vegna umsókna um stofnstyrk vegna daggæslu barna í heimahúsi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er hluti af stefnu núverandi meirihluta að efla dagforeldrakerfið í borginni og bæta gæði þess samhliða markvissri uppbyggingu á leikskólaþjónustu í borginni í tengslum við aðgerðaáætlunina Brúum bilið. Einn liður í því að styrkja dagforeldraþjónustuna er að hvetja til fjölgunar dagforeldra með því að bjóða nýjum dagforeldrum svokallaða stofnstyrki. Nýir dagforeldrar geta sótt um að fá 300 þúsund krónur í stofnstyrk og með samþykkt reglna um hann á þessum fundi er aðgerðin formlega komin til framkvæmda.

Erindið var samþykkt og vísað til borgarráðs og jafnframt að frá samþykkt reglnanna geti þeir sem uppfylltu skilyrðin þann 1. janúar 2019 eða síðar sótt um stofnstyrk.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 23. ágúst 2019
Reglur um stofnstyrk
Eyðublað vegna stofnstyrks



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 23. ágúst 2019
SFS2019080087
167. fundur
HG/img/ehp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Stofnstyrkur til dagforeldra

Árið 2018 skilaði starfshópur um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu í Reykjavík skýrslu til skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur. Lagðar voru fram tillögur um aðgerðir til úrbóta og hluti þeirra var samþykktur í skóla- og frístundaráði og í kjölfarið á fundi borgarráðs þann 17. janúar 2019.

Á meðal þeirra tillagna sem voru samþykktar, er að veita stofnstyrk til dagforeldra til að ýta undir nýliðun í starfsstéttinni í Reykjavík og til að mæta kostnaði vegna aðlögunar á húsnæði og kaupa á nauðsynlegum aðbúnaði vegna starfseminnar.

Ekki verður hægt að sækja um stofnstyrkinn afturvirkir, en lagt er til að frá samþykkt reglnanna á árinu 2019, verði hægt að sækja um afturvirkir fyrir þá aðila sem uppfylltu skilyrðin eftir 1. janúar 2019.

Á árinu 2019 eru áætlaðar 3,6 milljónir í þetta verkefni og það sem af er ári eru 6 aðilar sem sótt geta um og fengið stofnstyrk.

Reglur um stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum

1.gr

Almennt

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir dagforeldum, sem fá leyfi til daggæslu barna í Reykjavík til fjögurra ára í fyrsta sinn, stofnstyrk til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja, enda sé skilyrðum styrkveitingar skv. 4. gr. reglnanna fullnægt.

2. gr.

Umsókn um stofnstyrk

Umsókn um stofnstyrk skal send skóla- og frístundasviði á þar til gerðu eyðublaði, sem finna má á vefsíðu sviðsins <https://reykjavik.is/SFS>

3.gr.

Fjárhæð styrks

Fjárhæð stofnstyrks er kr. 300.000. Um er að ræða eingreiðslu. Fjárhæð styrks getur breyst skv. ákvörðun Reykjavíkurborgar.

4.gr.

Skilyrði styrkveitingar

Skilyrði styrkveitingar eru eftirfarandi:

1. Dagforeldrar, sem fá leyfi til daggæslu barna í fyrsta sinn til fjögurra ára eftir 1. janúar 2019 eiga rétt á stofnstyrk. Dagforeldri sem ekki hefur starfað í þrjú ár eða lengur en hyggst taka til starfa að nýju getur jafnframt sótt um stofnstyrk. Ekki er greiddur stofnstyrkur til þeirra, sem fá bráðabirgðaleyfi eða endurnýjun á eldra leyfi. Stofnstyrkur er aðeins greiddur hverju dagforeldri einu sinni.
2. Til að eiga rétt á stofnstyrk þarf dagforeldri að hafa að lágmarki 3 börn í daggæslu þar af má eitt barn vera barn dagforeldris.
3. Hefji tveir dagforeldrar með nýtt leyfi starf saman fær hvort um sig greiddan stofnstyrk.
4. Hætti dagforeldri störfum innan eins árs frá greiðslu styrksins eða börn í daggæslu eru færri en 3 að meðaltali yfir árið ber að endurgreiða styrkinn að fullu. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og hún var við greiðslu styrksins.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði [dagsetningar samþykktar] og í borgarráði [dagsetningar samþykktar]



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Umsókn um stofnstyrk vegna daggæslu barna í heimahúsi

Dagforeldri			
Nafn		Kennitala	
Heimilisfang		Póstnúmer	Sími
Daggæsluleyfi fyrst gefið út	Bankaupplýsingar vegna greiðslu styrks (bankanr. – höfuðbók – reikningsnr.)		

Sækir um stofnstyrk vegna daggæslu í heimahúsi.

Reglur um stofnstyrki eru svohljóðandi:

1.gr

Almennt

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir dagforeldum, sem fá leyfi til daggæslu barna í Reykjavík til fjögurra ára, stofnstyrk til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja, enda sé skilyrðum styrkveitingar skv. 4. gr. reglnanna fullnægt.

2. gr.

Umsókn um stofnstyrk

Umsókn um stofnstyrk skal send skóla- og frístundasviði á þar til gerðu eyðublaði, sem finna má á vefsíðu sviðsins <https://reykjavik.is/SFS>

3.gr.

Fjárhæð styrks

Fjárhæð stofnstyrks er kr. 300.000,-. Um er að ræða eingreiðslu. Fjárhæð styrks getur breyst skv. ákvörðun Reykjavíkurborgar.

4.gr.

Skilyrði styrkveitingar

Skilyrði styrkveitingar eru eftirfarandi:

- Dagforeldrar, sem fá leyfi til daggæslu barna í fyrsta sinn til fjögurra ára eftir 1. janúar 2019 eiga rétt á stofnstyrk. Dagforeldri sem ekki hefur starfað í þrjú ár eða lengur en hyggst taka til starfa að nýju getur jafnframt sótt um stofnstyrk. Ekki er greiddur stofnstyrkur til þeirra, sem fá bráðabirgðaleyfi eða endurnýjun á eldra leyfi. Stofnstyrkur er aðeins greiddur hverju dagforeldri einu sinni.
- Til að eiga rétt á stofnstyrk þarf dagforeldri að hafa að lágmarki 3 börn í daggæslu þar af má eitt barn vera barn dagforeldris.
- Hefji tveir dagforeldrar með nýtt leyfi starf saman fær hvort um sig greiddan stofnstyrk.
- Hætti dagforeldri störfum innan eins árs frá greiðslu styrksins eða börn í daggæslu eru færri en 3 að meðaltali yfir árið ber að endurgreiða styrkinn að fullu. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vísitölu neysliverðs eins og hún var við greiðslu styrksins.

Með undirskrift minni staðfesti ég að mér er kunnugt um og felst á ofangreind skilyrði fyrir styrkveitingu stofnstyrks.

Reykjavík _____

Undirskrift